



Upplýsingar um gerviaugu

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga úthlutar gerviaugum samkvæmt reglugerð um hjálpartæki fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Hafið samband við þjónustufulltrúa hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð til að bóka tíma hjá Stefáni Baldurssyni augnsmið í síma 545 5800 eða á midstod@midstod.is

Öll þjónusta og úthlutun á hjálpartækjum á vegum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar er gjaldfrjáls.

Upplýsingar um gerviaugu

Gerviaugu eru framleidd úr akrýl og endast að meðaltali í fimm ár. Þegar gerviauga er skipt út er það vegna þess að vefjauppbyggingin á bak við augað hefur breyst, en ekki vegna þess að þau endist ekki lengur. Því þarf að móta nýtt auga sem passar við augntóftina. Það þarf mun oftari að skipta út gerviaugum hjá börnum. Fyrsta gerviaugað sem sett er í eftir að auga er fjarlæggt er venjulega ekki nothæft nema í tiltölulega stuttan tíma vegna breytinga á vefjauppbyggingunni fyrsta árið. Að börnum, og þeim sem nýlega hafa fengið gerviauga undanskildum, má fullyrða að gerviaugað endist mjög lengi.

Gerviaugu þola oftast að detta á gólf, þau eru ekki þung og ekki köld að hafa, jafnvel ekki á veturna. Þau aðlagast vel vefjauppbyggingunni sem gefur góðar augnhreyfingar, þannig að þau verka raunverulegri.

Gerviaugu eru framleidd með þykkt allt niður í 0,5 mm. Þau er hægt að nýta sem þunna skel yfir skemmt auga. Það er hægt að nota þau í tilfellum þar sem annað augað hefur verið

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | Sími 545 5800 | Fax 568 8475 | midstod@midstod.is | midstod.is



fjarlægt með skurðaðgerð. Augað getur hafa verið fjarlægt vegna æxlis, alvarlegra augnsjúkdóma eða meiðsla.

Gerð gerviaugna

Venjulega þurfa augnþegar að mæta í þrjú skipti til að fá gerviauga. Fyrsta heimsóknin á sér yfirleitt stað 5 til 8 vikum eftir að augað hefur verið fjarlægt.

Í fyrstu heimsókninni, sem yfirleitt tekur um tvo tíma, er tekið mót af augntóftinni í dropastaðdeyfinu. Mótið er tekið með alginate, sem er sama efni og tannlæknar nota við tannsmíði.

Í annarri heimsókninni er nýja augað handmálað svo að það líti út eins og hitt augað og lagfært til að það passi einstaklingnum sem best. Heimsóknin tekur um klukkustund.

Í þriðju heimsókninni fær viðkomandi augað afhent og leiðbeiningar um hvernig það er notað.



Leiðbeiningar við notkun á gerviauga

Innsetning

Togaðu upp efra augnlokið og horfðu um leið niður. Settu gerviaugað inn að ofan. Togaðu niður neðra augnlokið og horfðu upp. Ýttu gerviauganu inn að neðan.

Að fjarlægja

Togaðu niður neðra augnlokið og fjarlægðu gerviaugað á ská niður.

Hreinsun

Gerviauga á að hreinsa með uppvottalegi og skola síðan vandlega með vatni.

Það er mikilvægt að þvo hendurnar fyrir meðhöndlun gerviaugna. Gerviaugu eru venjulega fjarlægð einu sinni í mánuði og þau þarf að geyma á þurrum stað þegar þau eru ekki í notkun. Ef himna myndast utan á auganu verður augnsmiður að sjá um hreinsun.



Augnskeljar

Augnskeljar geta verið niður í 0,5 mm þykkar og eru notaðar ofan á blint auga sem hefur orðið fyrir skaða. Þær eru venjulega notaðar í eina klukkustund fyrsta daginn og tíminn síðan lengdur um einn tíma á dag, þangað til hægt er að vera með augnskelina allan daginn.

Augnskeljar geymast þurrar þegar þær eru ekki í notkun. Ef himna myndast utan á þeim verður augnsmiður að sjá um hreinsun.

Leiðbeiningar við notkun á augnskeljum

Innsetning

Togaðu upp efra augnlokið og horfðu niður. Settu augnskelina inn að ofan. Togaðu niður neðra augnlokið og horfðu upp. Ýttu augnskelinni inn að neðan.

Að fjarlægja

Horfðu upp. Ýttu neðra augnlokinu inn í brún augnskeljarinnar og fjarlægðu á ská niður.

Hreinsun

Augnskel er hreinsuð með uppvottalegi og skoluð vandlega með vatni og síðan saltlausn. Það er mikilvægt að þvo hendurnar fyrir meðhöndlun augnskeljanna.



Spurt og svarað

Hvernig ákvarðast stærðin á sjáaldrinu?

Sjáaldur er að meðaltali 3 til 3,5 mm í dagsbirtu. Stærð sjáaldursins á gerviauganu er höfð einhversstaðar á þessu bili.

Getur gerviaugað hreyfst?

Gerviaugað getur í flestum tilvikum hreyfst nokkuð eðlilega, en ekki meira en 70% af hreyfingum heilbrigðs auga.

Get ég fengið auka auga?

Nei. Það gerist næstum aldrei að gerviauga týnist. Ef það gerist, hafa oftast orðið það miklar breytingar í augtóft, að það þarf að taka nýtt mót.

Get ég málað mig um augun?

Hægt er að nota augnmálningu þegar augntóftin hefur gróið.

Get ég stundað íþróttir?

Já. Það er mælt með því að nota sundgleraugu í vatni.

Get ég ekið bíl?

Flestir sem nota gerviauga geta ekið bíl. En hafa skal í huga að sjónsviðið er skert. Því þarf að snúa höfðinu meira til að sjá betur. Ráðfærðu þig við augnlækni.

Ætti ég að nota gleraugu sem auka vörn?

Það er alltaf ráðlagt að nota öryggisgleraugu við athafnir sem gætu skaðað augað, eins og við meðhöndlun flugelda.



Hafið samband við okkur

Starfsfólk Miðstöðvarinnar er ávallt reiðubúið að svara fyrirspurnum. Við hvetjum alla til að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna um málefni blindra, sjónskertra og daufblindra og þjónustu og ráðgjöf við notendur, aðstandendur og/eða fagfólk.

Hvar erum við?

Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin er á 5. hæð í Hamrahlíð 17 í Reykjavík.

Hvenær er opið?

Miðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 9 til 16.

Tímamantanir í síma 545 5800

hjá ráðgjöfum, augnlækni og sjónfræðingum.

Nánari upplýsingar á www.midstod.is

Nánari upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu Miðstöðvarinnar, www.midstod.is